

Geislinn hjá Landspítalasjóði

1. gr.

Sjóðurinn heitir Geislinn og er sjóður til kaupa á línuhraðli og tilheyrandi búnaði til geislameðferðar krabbameina á Landspítala (LSH). Sjóðurinn fellur undir Landspítalasjóð Íslands og skipulagsskrá hans, en sá sjóður er sjálfseignarstofnun.

2. gr.

Markmið og hlutverk sjóðsins er að taka á móti, halda utan um og hafa eftirlit með gjöfum og styrkjum til geislameðferðar á spítalanum og ráðstafa fénu til kaupa á línuhraðli og tilheyrandi búnaði til geislameðferðar krabbameina.

Stjórn sjóðsins skal semja nánari reglur um ráðstöfun gjafa og styrkja úr sjóðnum og skulu þær reglur bornar undir formann stjórnar Landspítalasjóðs til samþykktar. Reglurnar skulu vera í samræmi við ákvæði í skipulagsskrá Landspítalasjóðs. Ef ekki verður af kaupum á línuhraðli, sbr. 1. mgr., skal stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða innkomin framlög til gefenda og styrkveitenda.

Sjóðnum er heimilt að hafa samstarf við aðra sjóði eða samtök sem vinna að sama eða sambærilegu markmiði og fram kemur í 1. mgr.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru styrkir og gjafir til kaupa á línuhraðli og tengdum búnaði til geislameðferðar krabbameina auk vaxtatekna.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa framkvæmdastjóri lyflækningasviðs, yfirlæknir geislameðferðar krabbameina á LSH og einn fulltrúi sem forstjóri spítalans skipar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Yfirlæknir geislameðferðar krabbameina er ábyrgðarmaður sjóðsins. Stjórnarfundur skal haldinn a.m.k. þrisvar á ári. Stjórn skal taka ákvarðanir um ráðstafanir eigna sjóðsins í samræmi við hlutverk hans og úthlutunarreglur.

Greinargerð skal árlega send stjórn Landspítalasjóðs Íslands um ráðstöfun framlaga og um eftirlit.

5. gr.

Stjórn skal halda fundargerð um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar. Ekki er greitt fyrir stjórnarsetu.

Sjóðurinn getur hvorki stofnað til skuldar við LSH né skuldbundið spítalann. Hann er óháður fjárhag og lögbundinni stöðu Landspítala.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningshald og fjárhagsleg umsýsla sjóðsins skal lúta bókhaldslögum, nr. 145/1994, og reglum Landspítala um bókhald og fjársýslu sérsjóða og tengdra verkefna. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar, viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir í samræmi ákvörðun stjórnar hans þar um. Innra eftirlit með fjárhagslegri starfsemi sjóðsins skal ávallt tryggt.

Fjármálasvið LSH skal annast reikningshald og fjárreiður sjóðsins í umboði stjórnar hans. Sjóðurinn skal fylgja reglum sviðsins um verkferla, fylgiskjöl og fjárreiður.

7. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal stjórn sjóðsins taka ákvarðanir um ráðstöfun hans í samræmi við markmið og ráðstafa eignum hans til að kaupa tæki til geislameðferðar krabbameina eða til annarra velferðamála sem sjóðsstjórnin telur samrýmast best markmiðum sjóðsins og óskum gefanda, að því gefnu að ekki sé tekin ákvörðun um endurgreiðslu söfnunarfjár, sbr. 2. mgr. 2. gr.


8. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til ef breyta á reglum þessum. Reglurnar öðlast fyrst gildi þegar þær hafa verið staðfestar af formanni stjórnar Landspítalásjóðs Íslands.

Reykjavík 2. apríl 2013




Jakob Jóhannsson yfirlæknir geislameðferðar krabbameina
ábyrgðarmaður Geislans



Vilhelmina Haraldsdóttir framkvæmdastjóri lyflækningasviðs LSH
formaður Geislans



Sigrún Guðjónsdóttir deildarstjóri fjárstýringar LSH
fulltrúi forstjóra í sjóðsstjórn Geislans



Björn Zoëga forstjóri LSH
formaður stjórnar Landspítalásjóðs Íslands